



FME - Full meðferð að endurlífgun; IV - í bláæð; ROSC - Blóðflæði komið á aftur; SBP - slagbilsþrýstingur; ^a Afhöfðun; allur líkaminn beinfreðinn, rotnaður eða í tveim þörtum (brjósthol ekki hnoðanlegt); ^b Slagbilsþrýstingur < 90 mmHg er raunhæfur mælikvarði á óstöðugleika í hjarta- og æðakerfi utan sjúkrahús, en innan sjúkrahúss hefur lágmarks slagbilsþrýstingur fyrir sjúkling með alvarlega ofkælingu (td <28°C) ekki verið skilgreindur; ^c Svissnesk stigun á ofkælingu; ^d Ráðlagður er beinn flutningur á sjúkrahús með hjarta og lungnavél hjá sjúklingum í hjartastoppi vegna ofkælingar. Á afskekktum svæðum ættu ákvarðanir um flutning að vera teknar út frá lengd flutningstíma og hugsanlegum ávinningi af hjarta og lungnavél. Flytja ætti sjúkling ef flutningstími er innan við 6 klukkustundir; ^e Umhverfishiti, efna-, rafmagns- eða lofthitunarpakkar eða teppi og hlýir vöklar í æð (38-42°C). Ef hjarta- og æðaástand er óstöðugt þrátt fyrir lyfjameðferð skal íhuga endurupphitun með hjarta- og lungnavél; ^f Ef ákveðið er að stoppa á sjúkrahúsi til að mæla kalíumgildi í blóði, skal velja næsta sjúkrahús á leiðinni að sjúkrahúsi með hjarta- og lungnavél. HOPE-stigagjöf ætti ekki að nota hjá börnum, heldur íhuga sérfræðiráðgjöf.